4 Íslenskur matvörumarkaður
Af hverju gerir ASÍ verðkannanir? Er nauðsynlegt að hafa 18 matvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu sem opnar eru allan sólarhringinn?

12 1. maí minning
Sorteringarvélin í barnshöfðinu kom því heim og saman að gangan niðri í miðbæ 1. maí væri af hinu góða af því að henni var á einhvern dularfullan hátt beint gegn fyrirbærinu fátækt.

14 Verkalýðsforinginn á Húsavík
Með Vaðlaheiðargöngum og uppbyggingu á Bakka verður svæðið frá Akureyri til Þórshafnar orðið öflugt mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

1. tölublað · 62 árgangur · Vor 2013

# VINNAN

Tímarit Alþýðusambands Íslands






Virðing
Réttlæti
VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Ávarp Gylfa Arnbjörnssonar forseta ASÍ

# Kaupmáttur, atvinna, velferð

Ég óska launafólki um allt land til hamingju með daginn. Fyrsti maí er baráttudagur verkalýðsins og í dag eru einmitt 90 ár frá því íslenskt verkafólk sýndi fyrst samstöðu sína á þessum degi með kröfugöngu. Sumar kröfur í fyrstu 1. maí göngunni ríma ágætlega við yfirskrift dagsins í dag sem er *Kaupmáttur, atvinna, velferð*. Það sýnir okkur að þó þjóðfélagið hafi tekið stakkaskiptum á 90 árum þá er grundvallarstefið í verkalýðsbaráttu enn það sama. Við verðum að hafa vinnu, við þurfum að geta keypt eitthvað fyrir launin okkar og við þurfum húsnæði og velferðarþjónustu á viðráðanlegum kjörum.

Þó fráfarandi ríkisstjórn hafi tekist ágætlega til í mörgu þá verður seint sagt að uppbygging atvinnulífsins sé eitt af því. Undanfarin fimm ár hefur hér ríkt doði, takmarkaðar fjárfestingar og lítill hvati til framkvæmda. Enda reyndist hagvöxtur á síðasta ári aðeins vera 1,6% sem er engan veginn nóg til að vinna bug á atvinnuleysinu sem enn er mikið. Þó heldur hafi þokast í rétta átt eru enn tæplega 9000 Íslendingar án vinnu. Það er óásættanlegt.

Áherslur á græn gildi, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og sjálfbæra uppbyggingu atvinnulífsins hafa á undaförnum árum orðið áberandi í atvinnustefnu ASÍ. Ísland hefur allt til að bera til að geta orðið grænt samfélag. Við getum bætt lífskjörin með því að nýta vatnsafl og jarðhita á sjálfbæran hátt og fullunnar landbúnaðarafurðir og sjávarfang í auknum mæli. Er þá ónefnt hugvitið, nýsköpunin og rótgróinn iðnaður sem víða stendur vel. Landið okkar er í raun nægtarbrunnur sem gefur vel af sér fyrir okkur öll, ef við göngum um það af virðingu og hófsemi. Út á það gengur græn atvinnustefna.



Húsnæðismál hafa verið baráttumál Alþýðusambandsins frá upphafi enda er mannsæmandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum sjálfsögð mannréttindi. Staðan er hins vegar sú að launafólk hér á landi nýtur ekki þessara réttinda. Nokkur fjöldi, einkum ungt fólk og tekjulágt, á of lítið eigið fé til að kaupa sér húsnæði og hefur því hrakist út á rándýran leigumarkað. ASÍ kynnti í febrúar hugmyndir sínar að nýju húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd. Þar er útgangspunkturinn að veita hagstæð örugg langtímalán með óverðtryggðum vöxtum í stað verðtryggðra lána. Sjálfvirk áhrif verðbólgu á höfuðstól lánsins verða afnumin og áhættunni af lántökunni dreift milli fjármagnseiganda og lántaka. Niðurstaðan er meira öryggi og betri kjör. Þessum hugmyndum ASÍ hefur verið vel tekið af félagsmönnum og á vettvangi stjórnmálanna og Alþýðusambandið lítur á það sem sitt hlutverk að fylgja því eftir við nýja ríkisstjórn að horft verði til dönsku leiðarinnar þegar húsnæðiskerfið verður endurskoðað.

Hinn hluti húsnæðishugmynda ASÍ lýtur að félagslegu húsnæðiskerfi. Þar vill Alþýðusambandið einnig líta til Danmerkur. Þar er tekjulágu fólki gefin kostur á að leigja húsnæði með þátttöku í byggingarsamvinnufélögum með 2% eigin framlagi sem endurgreitt er við flutning. 14% stofnfjár kemur frá sveitarfélaginu og restin er tekin að láni frá sérstakri húsnæðislánastofnun. Með mánaðarlegu framlagi frá ríkinu til að lækka vaxtakostnað væri leiga í slíku kerfi hér á landi á viðráðanlegu verði og fjölskyldan örugg í húsnæðinu eins lengi og hún kýs að búa þar. Ýmis félagsleg vandamál sem oft fylgja tíðum flutningum, einkum fyrir barnafjölskyldur, væru því úr sögunni.

En báðar þessar hugmyndir um endurbætur á húsnæðiskerfinu hanga saman við það að okkur takist að ná tökum á efnahagstjórninni og þar með verðbólgunni sem er versti óvinur launafólks. Hún skerðir kaupmátt launanna okkar og rýrir verðgildi eignanna okkar. Við höfum ekkert val, við verðum að segja verðbólgunni stríð á hendur. Annars brenna heimilin eins og gerðist árið 2008 og eins og gerst hefur allt of oft í fortíðinni. Það er ljóst að við sitjum uppi með krónuna næstu árin og það er forsenda sem við verðum að vinna út frá. Við hljótum því að ræða það við nýja ríkisstjórn hvort pólitískur vilji sé til þess að skapa stöðugleika í gengismálum og jafna starfsskilyrði atvinnulífsins með því að festa gengi krónunnar og lækka stýrivexti í skjóli gjaldeyrishaftanna. Þannig getum við náð tökum á verðbólgunni. Slík stefna kæmi okkur öllum til góða og myndi tryggja í sessi kaupmátt, atvinnu og velferð.



VINNAN · 1. TÖLUBLAÐ · 62. ÁRGANGUR
**Ritstjóri:** Snorri Már Skúlason · **Ábyrgðarmaður:** Gylfi Arnbjörnsson
**Umbrot:** Tómas Bolli Hafþórsson · **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja
**Forsíðumynd:** Halldór Baldursson
**Ljósmyndir:** Lárus Karl Ingason, myndasafn ASÍ og fleiri.

Henný Hinz hagfræðingur hjá ASÍ

# Íslenskur matvörumarkaður

## – verðkannanir og kostnaður af sólarhringsopnun verslana



Íslensk verkalýðshreyfing hefur frá öndverðu látið sig verðlagsmál miklu varða. Það ætti ekki að koma neinum á óvart. Kjarabaráttan hefur alltaf tvær hliðar, baráttan fyrir hærri launum og baráttan fyrir því að viðhalda verðgildi þeirra – kaupmættinum. ASÍ hefur af þessum sökum talið nauðsynlegt að veita neytendamarkaðnum aðhald og upplýsa neytendur um það hvar hagstæðast er að gera innkaup. Verðlagseftirlit ASÍ hefur sinnt þeim hluta kjarabaráttunnar sem snýr að þessum þætti, m.a. með gerð verðkannana.

Það er grundvallaratriði á mörkuðum sem lúta lögmálum frjálsrar samkeppni að fyrir liggi gagnsæjar upplýsingar frá óháðum aðilum. Eins og vart hefur farið fram hjá upplýstum neytendum, líkar kaupmönnum það oft illa þegar verðlagseftirlitið birtir niðurstöður sínar. Það er ofureðlilegt að kaupmönnum líki það illa þegar opinberaðar eru óhagfelldar niðurstöður úr slíkum könnunum. Eðlileg viðbrögð ættu hins vegar að vera þau að óhagstæðar niðurstöður brýni kaupmenn í baráttunni um viðskipti á frjálsum markaði. Sem betur fer eru það lang oftast viðbrögðin, til hagsbóta fyrir neytendur.

### VÍSAÐ Á DYR

Undanfarin misseri hafa ákveðnir kaupmenn ekki hikað við gefa neytendum langt nef og vísað fullrúum verðlagseftirlitsins á dyr. ASÍ brást við af festu og þeim kaupmönnum fer nú óðum fækkandi sem velja þá leið að fela vöruverð sitt fyrir almenningi. Það að kaupmenn telji sig geta leikið þennan leik lýsir auðvitað á margan hátt veikri stöðu neytenda og þeim ógöngum sem umræðan um neytendamál hér á landi hefur ratað í. Það gefur auga leið að íslensk verslun, ekkert fremur en íslenskur almenningur, er ekki öfundsverð af sambúð sinni við óstöðugan gjaldmiðil og viðvarandi óstöðugleika í verði á vöru og þjónustu. Sú afstaða kaupmanna að þeir séu fórnarlömb aðstæðna sem neytendur eigi að hafa sérstaka samúð með á hins vegar ekki við nokkur rök að styðjast. Slíkur málflutningur er móðgun við neytendur.

Viðvarandi óstöðugleika í verði á vöru og þjónustu eykur hættu á að neytendur verði ónæmir og of umburðalyndir gagnvart verðhækkunum almennt. Þetta vita kaupmenn og nýta sér sumir til hins ýtrasta. Dæmi um þetta er að ákveðnar verslanir hafa tekið upp þann ljóta sið að breyta í sífellu verðum í verslunum sínum, að því er virðist tilviljanakennt og helst í þeim tilgangi að rugla neytendur í ríminu.

### TILGANGURINN HELGAR MEÐALIÐ

En hverjar hafa þá útskýringar kaupmanna verið á tíðum verðbreytingum í verslunum? Jú, gengissveiflur er það sem fyrst ber á góma, og það vafalítið oft með réttu. Hins vegar getur það varla verið svo að sömu vörurnar séu keyptar erlendis frá jafnvel oft í hverjum mánuði þannig að breyta þurfi verðinu jafn harðan. Það er sömuleiðis athyglisvert að gengisstyrking skuli skila sér síður út í verðlag en gengisveiking. Nýleg skýrsla Rannsóknarseturs verslunarinnar staðfestir þetta. Neytendur taka því skellinn af veikara gengi en fá síður að njóta þess þegar betur gengur.

Rétt er að halda því til haga að framangreind lýsing á auðvitað ekki við um alla kaupmenn. Margir þeirra hafa sýnt starfi verðlags-eftirlitsins fullan skilning og greitt götu þess. Því miður á það hins vegar ekki við um alla, og hafa forsvarsmenn einstakra verslanakeðja jafnframt fundið hjá sér þörf fyrir að gera starf verðlagseftirlitsins tortryggilegt. Hefur því jafnvel verið haldið á lofti að þar á bæ séu stunduð óvönduð vinnubrögð þar sem gjarna séu bornar saman ólíkar vörur sem sömu vöru væru. Þetta sé eins og „að bera saman epli og appelsínur". Þessi málflutningur hefur aldrei verið studdur neinum rökum af hálfu þeirra kaupmanna sem finna hjá sér þörf til að slá ryki í augu neytenda. En tilgangurinn helgar meðalið.

ASÍ hefur enga hagsmuni af því að birta neytendum rangar upplýsingar. Hlutverk þess er eingöngu að veita aðhald og upplýsa neytendur um hvar kjörin eru best. Verslunareigendur kunna hins vegar að hafa hagsmuni af því að rýra trúverðugleika verðlagseftirlitsins. Sumir kaupmenn hafa m.a.s. haldið því fram að það sé betra fyrir

Markmið verðlagseftirlits ASÍ er að upplýsa almenning um verðlag á vörum og þjónustu hjá söluaðilum á neytendamarkaði. Aðgangur að traustum upplýsingum um verðlag á markaði er forsenda þess að neytendur geti tekið upplýstar og ígrundaðar ákvarðanir um hvert þeir beina viðskiptum sínum. Með þessu móti skapa virkir neytendur aðhald og ýta undir samkeppni milli söluaðila.

neytendur að einstaka verslanir sinni eigin verðlagseftirliti, fremur en að það sé í höndum ASÍ! Það sér auðvitað hver heilvita maður að sá sem hefur beina hagsmuni af niðurstöðu verðkannana er öldungis ófær um að standa að gerð óhlutdrægrar verðkönnunar. Neytendur eiga betra skilið en svo ámátlegan málflutning.

## ÞJÓNUSTUSTIG OG ÁHRIF ÞESS Á VERÐLAG

Neytendamarkaðir hér á landi eru flestir dæmigerðir fákeppnismarkaðir þar sem fáir stórir aðilar ráða yfir stærstum hluta markaðarins. Fámennið ræður hér auðvitað nokkru en slíkar aðstæður gera ríkar kröfur til markaðarins, einkum þeirra sem ráða yfir stórum hluta hans. Í ítarlegri skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2012 kemur fram að óeðlilegur mismunur á kjörum birgja til verslana veldur hér aðgangshindrunum á matvörumarkaði sem hamlar því að minni aðilar geti stundað verðsamkeppni við þá sem stærri eru. Þetta er sérstaklega umhugsunarvert þegar horft er til markaðshlutdeildar þriggja stóru matvörurisanna í dagvöruverslun sem er um 90%. Af tæplega 70 verslunum þessara þriggja aðila á höfuðborgarsvæðinu teljast u.þ.b. 30 til lágvöruverðsverslana. Þessar verslanir eru opnar alla daga vikunnar og sumar jafnvel til 8 eða 9 á kvöldin og ein þeirra er opin allan sólarhringinn. Nú má spyrja hvernig saman fari að bjóða matvörur á lágu verði og jafnframt að viðhafa þjónustustig sem gerir fólki kleift að nálgast ódýra vöru á hvaða tíma sólarhrings sem er.

### HVERNIG VINNUR VERÐLAGSEFTIRLIT ASÍ?

- Mætir óvænt inn í verslanir
- Með fyrirframákveðinn vörulista
- Er eins og hver annar neytandi – tilkynnir ekki komu sína
- Skráir niður vöruverð á hillu – þar skoða neytendur verð og versluninni ber lögum skv. að hafa verðmerkingar réttar og skilmerkilegar
- Vinnur úr gögnum og birtir niðurstöður til upplýsinga fyrir neytendur

## 18 MATVÖRUBÚÐIR Á HÖFUBORGARSVÆÐINU MEÐ SÓLARHRINGSOPNUN

Slíkt er auðvitað skiljanlegra þegar í hlut eiga verslanir sem ekki eru skilgreindar sem lágvöruverðsverslanir, enda hljóta »





neytendur þá að vera reiðubúnir að greiða hærra verð fyrir sólarhringsþjónustu.

Alls eru 18 verslanir á höfuðborgarsvæðinu opnar allan sólarhringinn. Þar af eru fjórar stórar matvöruverslanir. Þá eru ótaldar aðrar verslanir en dagvöruverslanir, t.d. söluturnar og bensínstöðvar sem opnar eru allan sólarhringinn. Framboðið af matvöruverslunum sem bjóða upp á sólarhringsopnun er því ærið og einhverjir myndu segja langt umfram það sem eðlilegt getur talist.

Þá sýnir samanburður við Norðurlöndin að verslunarrými matvöruverslana hér á landi er tvöfalt meira á hvern íbúa en annars staðar á Norðurlöndunum. Það gefur augaleið að sólahringsopnanir matvöruverslana og stærra verslunarrými hefur í för með sér aukinn rekstrarkostnað sem aftur skilar sér í hærra verðlagi til neytenda, hærri verðbólgu og þar með hækkun verðtryggðra skulda okkar. Er nauðsynlegt að hafa tæplega 20 matvöruverslanir með sólarahringsopnun á höfuðborgarsvæðinu? Erum við tilbúin að borga fyrir slíkt?

## SAMTAKAMÁTTUR NEYTENDA ER ÖFLUGT VOPN

Að sumu leyti má segja að íslenskir neytendur séu of umburðalyndir. Við bítum á jaxlinn og bölvum í hljóði. Getum ekkert gert – teljum okkur valdalaus. Neytendur á frjálsum markaði hafa hins vegar verulegt vald í gegnum veskið. Því þarf bara að beita í meira mæli.

Neytendur hafa þó sýnt að þeim stendur ekki á sama. Nýlegt átak aðildarfélaga ASÍ, *Vertu á verði*, sem hleypt var af stokkunum í lok febrúar sýndi svo um munaði að samtakamáttur neytenda er besta vopnið í baráttunni fyrir aukinni samkeppni og þar með bættari kjörum almennings. Nú þegar hafa hundruð ábendinga borist frá neytendum á heimasíðu átaksins.

En betur má ef duga skal og mikilvægt er að neytendur, sýni viljann í verki, láti í sér heyra og sniðgangi þær verslanir sem leyfa sér þá ókurteisi að meina verðtökufólki verðlagseftirlitsins að fylgjast með verðlagi í verslunum í þágu neytenda. Neytendur, látum í okkur heyra!

## ER VERÐLAGSEFTIRLIT ASÍ AÐ BERA SAMAN EPLI OG APPELSÍNUR?

Verðlagseftirlitið skoðar í könnunum sínum mestmegnis verð á matvöru frá þekktum framleiðendum (t.d. Trópí appelsínusafi, Dansukker sykur eða Barilla pastaskrúfur). Í ákveðnum tilvikum er einnig skoðað verð á ódýrasta fáanlega kosti af viðkomandi vöru í versluninni (t.d. ódýrasta lítraverð á hreinum appelsínusafa, ódýrasta kílóverð á sykri eða ódýrasta kílóverð á pastaskrúfum). Verðlagseftirlitið tekur ekki tillit til gæða vara í könnunum sínum. Þegar um ákveðið vörumerki er að ræða er slíkt gæðamat óþarfi enda um nákvæmlega sömu vöru að ræða. Þegar um „ódýrasta kostinn“ er að ræða þá liggur það ljóst fyrir að vörurnar geta verið mismunandi milli verslana, ódýrasti sykurinn hjá einni verslun er ekki endilega frá sama framleiðanda og ódýrasti sykurinn hjá annarri verslun, og gæðin geta verið misjöfn. Þetta vita neytendur mæta vel. Í ákveðnum grunnvörum, sem seldar eru frá mörgum mismunandi framleiðendum milli verslana, viljum við einfaldlega vita hvar við fáum lægsta verðið. Í öðrum tilvikum skipta gæðin máli og þá horfa neytendur til þekktra vörumerkja. Þetta er ekki að bera saman epli og appelsínur. Þetta er að gefa neytendum fjölbreyttar upplýsingar sem þeir geta vegið og metið. Við treystum neytendum.




Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig

- Sterkari saman!

Efling-stéttarfélag • Sætún 1 • Sími 510 7500 • Fax 510 7501 • www.efling.is

EFLING

- Stendur með þér




# Meiri færni – fleiri möguleikar

## Mímir-símenntun býður upp á margvíslegar námsleiðir í fullorðinsfræðslu

### Viltu auka færni þína?

- Starfarðu við umönnun og þjónustu?
  Mímir-símenntun býður upp á
  *Leikskólaliðabrú og Félagsliðabrú*
- Viltu fá dyravarðaréttindi?
  Mímir-símenntun býður upp á
  *Dyravarðanám*
- Viltu vinna í ferðaþjónustu?
  Mímir-símenntun býður upp á námsleiðina
  *Þjónusta við ferðamenn*
- Viltu starfa í matvælaiðnaði?
  Mímir-símenntun býður upp á námskeiðið
  *Örugg meðferð matvæla*
- Viltu fá vinnu á skrifstofu?
  Mímir-símenntun býður upp á
  *Skrifstofunám*

### Viltu auka möguleika þína?

- Langar þig í háskóla en hefur ekki stúdentspróf?
  *Menntastoðir* brúa bilið
- Fórstu ekki í framhaldsskóla?
  Skoðaðu *Grunnmenntaskólann*
- Ertu döff?
  Þá gæti *Döffmenntaskólinn* verið fyrir þig
- Er lesblinda í þinni fjölskyldu?
  *Aftur í nám* styrkir stöðu lesblindra

**Kursy w języku polskim**

MÍMIR
símenntun

Brot úr sögu ASÍ

# Að hjálpa sér sjálfur

Á afmælisdegi Alþýðusambandsins 12. mars sl. kom saga ASÍ út í tveimur bindum. Verkið, sem er afar veglegt, hefur verið í smíðum undanfarin ár en höfundur þess er Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur. Saga verkalýðshreyfingarinnar er sneisafull af forvitnilegu efni en í eftirfarandi kaflabroti má sjá á hversu breiðum grundvelli starf verkalýðsfélaga var um miðja síðustu öld.



Horft austur Suðurlandsbraut.



Verkafólk setur niður kartöflur um miðja síðustu öld.

Frá öndverðu var mikill áhugi á því innan verkalýðshreyfingarinnar að hreyfingin stuðlaði að sem mestri sjálfshjálp verkafólks: að það tæki málin í eigin hendur með því að stórauka garðrækt og annað það sem að gagni mætti koma í lífsbaráttunni.[1] Fyrsta stig þessarar sjálfshjálpar var að stuðla að því að verkafólk gæti sjálft framleitt og útvegað sér mikilvægar lífsnauðsynjar. Liður í því gat verið að leigja land þar sem mátti stinga mó til eldsneytis. Sum verkalýðsfélög keyptu eða leigðu land til túnræktunar og garðræktar á öðrum, þriðja og fjórða áratugnum. Það gerði til dæmis Verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík árið 1913 þegar félagið fékk land í erfðafestu til ræktunar á Melunum í Reykjavík. Áhugi félagsmanna Dagsbrúnar á þessu framtaki reyndist þó ekki brennandi og lét félagið Félagsteiginn, eins og landið var nefnt, af hendi til borgarinnar árið 1932, gegn greiðslu.[2] Miklu meiri áhugi var á starfsemi af þessu tagi úti um land. Verkalýðsfélagið á Akranesi keypti t.d. land til nota fyrir félagsmenn sína á fjórða áratugnum. Á Eskifirði hafði Verkamannafélagið Árvakur frumkvæði að því að hreppsnefndin fékk lán til þess að koma af stað garðrækt í þorpinu. Það varð til þess að „á nöktum melum [risu] stærstu samfelldu kartöflugarðar, sem sést hafa á Austfjörðum, og var að þeim bæjarprýði auk nytsemdarinnar".[3] Og á Stokkseyri stóð Verkamannafélagið Bjarmi fyrir því að útvega 30 hektara lands sem það lét girða og hafði til ræktunar fyrir félagsmenn sína.[4]

Sumir keyptu sér jafnvel kú, kindur eða geitur. Stundum voru tvær fjölskyldur um eina kú og skiptu nytinni á milli sín, einkum í þorpum úti um land. Fjölskylda á Suðureyri við Súgandafjörð átti „í nokkur ár tvær geitur og var það eina mjólkin sem við fengum ... Konan og krakkarnir sáu um búskapinn að öðru leyti en því, að ég sló heyið. Seinna átti ég hálfa kú og keypti ég hey handa henni, en meðeigandi sá um hirðingu og mjaltir". Þannig lýsti alþýðumaður á Súgandafirði sínu bjargræði.[5] Bjarnfríður Leósdóttir segir að á Skaganum hafi flestir á þessum tíma verið með „kýr, kindur og hænsni ... og margir höfðu líka kartöflur sem aukabúgrein ... Maturinn var þannig mikið heimafenginn á kreppuárunum". Fullyrt var að þessi starfsemi hefði bjargað mörgum frá hungri á fjórða áratugnum.[6] Þess voru líka dæmi að menn fengju sér bát til þess að fiska í soðið, t.d. verkamannafjölskylda á Akureyri. Þá var róið út á Pollinn og dorgað í matinn. Fiskurinn var síðan borðaður ferskur

eða saltaður og geymdur til vetrarins. Sama fjölskylda hafði líka kindur: „Fjöldinn allur sem gerði þetta hér í bæ, það var ekki hægt að tóra öðruvísi“.[7] Svo var tóvinnan mikilvæg, konur „unnu ullina og prjónuðu sjóvettlinga og leista fyrir sjómenn og til útflutnings“.[8]

Næsta skref þessarar sjálfshjálpar var að útvega sér neysluvörur með sem minnstum tilkostnaði, sérstaklega með því að fækka milliliðum og hafa yfirbyggingu viðskiptanna sem minnsta. Það gerðu mörg verkalýðsfélög með því að stofna pöntunarfélög. Fyrirmyndir mátti víða fá. Samvinnuhreyfingin hér á landi var augljóst fordæmi þó að hérlendis tengdist hún einkum samtökum bænda.

Margs konar tilraunir voru einnig gerðar á þessu sviði hér á landi. Til dæmis hafði Verkamannasambandið (stofnað 1907) frumkvæði að stofnun pöntunarfélags og Verkamannafélagið Dagsbrún eða skyldir aðilar stóðu einnig fyrir sameiginlegum innkaupum félagsmanna.[9] Hið sama gerði Verkamannafélag Akureyrar sem stóð að stofnun Kaupfélags verkamanna árin 1915–1916.[10] Sameiginleg innkaup eða stofnun pöntunarfélags varð síðan hluti af starfsemi margra verkalýðsfélaga í landinu. Rekstur þeirra gekk vitaskuld misjafnlega og oft urðu erfiðleikar á vegi þessara félaga sem leiddu til þess að starfsemi þeirra lagðist af, jafnvel að verkalýðsfélögin biðu hnekki af starfseminni. En sum félaganna döfnuðu vel.[11] Öflugast þessara félaga var KRON, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis sem varð til við samruna nokkurra pöntunarfélaga 1937.

Úr sögu Alþýðusambands Íslands, fyrra bindi, bls. 112. Styttingar eru blaðsins.

Heimildir:
[1] Þingtíðindi Alþýðusambands Íslands. 13. sambandsþing 1936, 91.
[2] Þorleifur Friðriksson 2007, 145–147.
[3] Einar Bragi Sigurðsson 1983, 148.
[4] Vinnan XIV (1974), 1.–2. tbl., 25.
[5] ÞÞ A: 5946. kvk 1899.
[6] Elísabet Þorgeirsdóttir 1986, 22–23. – Verkalýðsfélag Akraness 50 ára, 19–20. – Sjá einnig Alþýðublaðið 21. nóvember 1936, 3. – Einnig Jón Sigurðsson 1939, 3–4.
[7] ÞÞ A: 5949. kvk 1903, 34.
[8] ÞÞ A: 5869. kk 1896.
[9] Pétur G. Guðmundsson 1930, 6. – Þorleifur Friðriksson 2007, 150–167.
[10] Dagsbrún 20. nóvember 1915, 74. – Alþýðublaðið 1. nóvember 1919, 1.
[11] Sjá m.a. Alþýðublaðið 3. janúar 1933, 3.




Saga Alþýðusambands Íslands
Tvö bindi – Í samtök og Til velferðar
Höfundur: Sumarliði R. Ísleifsson
Verð: 10.990 (í öskju)
Bækurnar fást í öllum betri bókaverslunum

.IS
skráðu þitt .is lén
www.isnic.is
ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | www.isnic.is

# Verkfall!

## -stiklur úr verkalýðsbaráttu hvíta tjaldsins

**Eftir:** Ásgrím Sverrisson

Verkalýðsbaráttan birtist í kvikmyndasögunni sem saga mannréttindabaráttu og kristallar vonina um betra líf með tilheyrandi fórnarkostnaði. Hér eru fimm bíómyndir sem standa uppúr vegna þess að þær áttu brýnt erindi við samtíma sinn. Myndirnar lýsa gjarnan erfiðum kjörum og slæmum aðstæðum sem reynt er að breyta, oftast gegn þrúgandi ofurefli – en sumar setja baráttu hetjunnar í forgrunn; þar sem einstaklingur sem rís upp gegn óréttlæti og leggur allt að veði til að bæta hag meðbræðra sinna og systra. Skuggahliðarnar fá einnig sinn sess, til hvers er barist og helgar tilgangurinn meðalið? Þetta er langt í frá tæmandi listi yfir helstu kvikmyndir um þetta viðfangsefni en allar eru þær áhrifamiklar upplifanir þar sem aðstandendum liggur mikið á hjarta.




## Strike (Stachka/Verkfall)

SERGEI EISENSTEIN, 1925

Sergei Eisenstein er tvímælalaust fremstur þeirra jafningja sem stóðu í framlínu tímabilsins sem markar upphaf kvikmyndagerðar sovéttímans (seinni hluti þriðja áratugs síðustu aldar). Hann gerði einstakar kvikmyndir sem lögðu grunninn að myndmálinu sjálfu, inntaki kvikmyndarinnar.

Ingibjörg Haraldsdóttir sem lengi var kvikmyndagagnrýnandi Þjóðviljans, hefur bent á að Eisenstein - sem upphaflega kom úr leikhúsinu en fannst sá miðill kominn að endimörkum sínum, var umhugað um að kvikmyndin skæri sig frá leikhúsinu og legði áherslu á eigin lögmál, samhengi myndskeiða – montage. Hann leit á þessa nálgun sem andóf gegn hefðbundinni leikritun (dramatúrgíu). Í stað þátta sem skiptast í senur kemur samsetning – klipping – einstakra atriða og markmiðið var að hafa sterk tilfinningaleg áhrif á áhorfandann vegna þeirrar samsetningar.

Verkfall er fyrsta langmynd Eisenstein og hratt af stað hinni rússnesku kvikmyndabylgju á þögla tímanum. Líkt og Beitiskipið Potemkin, sem hann gerði síðar sama ár, er þetta ekki saga einstakra persóna, heldur rammpólitísk áróðursmynd um baráttu gegn kúgun og óréttlæti, gerð til að sýna styrk kommúnismans. Fólkið er fyrst og fremst táknmyndir – íkonar, myndmálið flytur skýr og markviss skilaboð, samsetningin er hugsuð til að sannfæra áhorfandann um tiltekin viðhorf.

Myndin byggir á verkfalli í rússneskri verksmiðju 1912. Verkamennirnir búa við kröpp kjör og una illa sínum hag. Þegar einn þeirra hengir sig eftir að hafa verið sakaður um þjófnað efna þeir til verkfalls. Í fyrstu ríkir baráttugleði meðal verkamannanna og þeir eygja von um betri tíð enda virðist alþýða manna taka undir. En þegar verkfallið dregst á langinn sverfur hungrið að og örvænting grípur um sig. Stjórnendur verksmiðjunnar planta æsingamönnum og njósnurum meðal verkamannanna þannig að uppúr ætlar að sjóða. Keisarastjórnin sendir hermenn sína á völlinn til að skakka leikinn og úr verður mikill harmleikur. Hægt er að sjá myndina á YouTube.




## The Grapes Of Wrath (Þrúgur reiðinnar)

JOHN FORD, 1940

Bandaríska kvikmyndaþjóðskáldið John Ford filmaði þessa frægu sögu John Steinbeck með Henry Fonda í aðalhlutverkinu og enn á hún sinn stóra sess í kvikmyndasögunni sem áhrifamikil frásögn um þrautseigju á raunastund.

Sagan gerist á kreppuárunum. Fonda leikur Tom Joad, fyrrum fanga sem snýr aftur í heimasveit sína í Oklahoma og kemst að því að fjölslylda hans hefur misst bújörðina. Þau ákveða að freista gæfunnar í fyrirheitna landinu – Kaliforníu – sem síðan reynist allt annað en það. Þau fá að kynnast hinum kröppu kjörum farandverkamanna á eigin skinni og Tom verður ljóst hið svívirðilega félagslega óréttlæti sem þau mega búa við. Hann ákveður að slást í hóp með fólki sem staðráðið er í að berjast fyrir auknum jöfnuði og betra lífi.

Myndin var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlaut tvenn, fyrir leikstjórn John Ford og fyrir leik Jane Darrwell (sem Ma Joad).




## Harlan County, USA

BARBARA KOPPLE, 1976)

Þessi magnaða heimildamynd eins þekktasta heimildamyndasmiðs Ameríkana stendur enn sem ein merkasta mynd um verkalýðsbaráttu sem gerð hefur verið.

Kopple lýsir verkfalli námuverkamanna í Harlan sýslu í Kentucky sem stóð i 13 mánuði á árunum 1973-74. Þeir búa ásamt fjölskyldum sínum við ömurlegar aðstæður í hreysum án vatns, vinnuaðbúnaður er fyrir neðan allar hellur og kaupið lágt meðan námafyrirtækið græðir á tá og fingri. Verkamennirnir vilja ganga í verkalýðsfélag en eigendur námunnar standa harðir gegn því og etja verkfallsbrjótum á svæðið, mönnum sem jafnvel eru enn örvæntingarfyllri en verkfallsmennirnir. Um síðir tekst að landa samningum en námamönnunum tekst aðeins að ná fram hluta krafna sinna.

Kopple dvaldi meðal námamannanna og fjölskyldna þeirra í langan tíma og það er ljóst að samúð hennar er rík með málstað þeirra. Myndin hlaut Óskarsverðlaun á sínum tíma sem besta heimildamyndin.




## Norma Rae

MARTIN RITT, 1979

Sally Field leikur titilhlutverkið í þessari hjartnæmu mynd, óbreytta verkakonu í bómullarverksmiðju sem er þungamiðja samfélagsins. Verksmiðjan er heilsuspillandi vinnustaður og fjölskylda hennar fer ekki varhluta af því. Fulltrúi verkalýðsfélags frá New York kemur í heimsókn og hvetur starfsmennina til að sameinast í verkalýðsfélagi. Norma heillast af honum og ákveður að taka áskoruninni en fyrirætlunum hennar er fálega tekið af eiginmanni hennar sem telur að hún sé að halda framhjá með verkalýðshetjunni. Stjórnendur verksmiðjunnar eru sömuleiðis lítt hrifnir af uppvöðslusemi Normu og hóta öllu illu. Engu að síður tekst Normu að sneiða hjá erfiðleikunum og fær starfsfólkið til að grípa til aðgerða. Verkfall leiðir til sigurs fyrir hið nýstofnaða félag og gengið er að helstu kröfum þess.

Myndin er byggð á sönnum atburðum og Sally Field hlaut sín fyrstu Óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt. Hún er vissulega gerð á forsendum Hollywoodmynda, með sjarmerandi stjörnu í aðalhlutverkinu, en er engu að síður áhrifarík og frekar tilgerðarlaus frásögn um stéttabaráttu og samtakamátt, en ekki síst um kvennabaráttu.




## Man of Iron (Czlowiek z zelaza/Járnmaðurinn)

ANDRZEJ WAJDA, 1981

Andrzej Wajda, einn merkasti leikstjóri Pólverja, gerði Járnmanninn í þíðunni sem varði í rúmt ár frá stofnun Samstöðu í ágúst 1980. Myndin er afar gagnrýnin á kommúnistastjórnina og hlaut mikla alþjóðlega athygli, meðal annars Gullpálmann í Cannes 1981. Myndin byggir á verkfallinu í skipasmíðastöðinni í Gdansk 1980, sem varð upphafið að Samstöðu. Ung fréttakona er send til að grafa upp óþverra um leiðtoga skipasmiðanna, hinn heillandi Maciej (sem byggður er á Lech Wałęsa). Fréttakonan notar fortíð sína sem róttæklingur til að vinna traust verkfallsmanna en þegar hún kafar dýpra og lærir frekar um líf Maciej og konu hans Agniezku, sem situr í fangelsi, fyllist hún samkennd með málstaðnum og finnur sig knúna til að leggja starf sitt að veði og standa með hinum undirokuðu verkamönnum. Myndin er óbeint framhald Marmaramannsins sem Wajda gerði 1977 og fjallaði að hluta um sömu persónur.

1. maí minning Steinunnar Sigurðardóttur

# Fram þjáðir menn ...

Ef ég ætla núna að sjá fyrir mér Fyrsta maí þegar ég var að alast upp í Reykjavík, þá snjóar af einhverjum ástæðum alltaf á fólkið með spjöldin í kröfugöngunni niðri í bæ, þótt vorið eigi að vera sannanlega komið. En bak við þessa mynd - af hröktu fólki sem heldur á spjöldum og hlykkjast niður Bankastræti með sína forláta lúðrasveit í broddi fylkingar - eru aðrar og eldri útlínur sem tengjast fyrsta maí.

Útlínurnar bak við þá mynd eru úr barnsminninu snemma, og þær eru dregnar úr sungnum orðum. Það voru þau sem upphaflega tengdust deginum og sátu eftir til sorteringar í Stóra barnshugarsamhengingu. FRAM ÞJÁÐIR MENN Í ÞÚSUND LÖNDUM.

Barnið átti heima í austurbænum, á endimörkum byggða bólsins í Reykjavík, og endimörkin voru á þeim tíma í Vogunum. Af skrúðgöngum í miðbænum (því allar göngur voru skrúðgöngur þegar maður var nógu lítill) nema sjálfri sautjánda júní göngunni voru fréttir því óljósar, nema helst úr útvarpi. Þetta var fyrir tíma sjónvarpsins. Þótt viðkomandi barn yrði fljótt mikill lesandi dagblaða, þá höfðu myndirnar í þeim ekki viðlíka slagkraft og myndirnar í sjónvarpinu síðar. Orðið var ofar öllu, hið talaða orð og hið sungna orð.

Lengi vel voru orðin í Internasjónalnum langt frá því að finna sér stað í réttu Fullorðins-fyrsta maí samhengi, heldur var þeim raðað í Stóra samhengi barnshugans sem malar án afláts í grjótvinnunni við að sortéra stórt og smátt. Upplýsingar hinna alvitru, fullorðna fólksins, liggja ekki alltaf á lausu, og þótt þær geri það, lifir barnshugurinn sjálfstæðu lífi og undir hælinn lagt hvernig hann tekur þeim upplýsingum sem eiga að leiðrétta fyrri sorteringar og samhengi. Og þetta barn var sem sagt ekki alið upp á heimili þar sem farið var í fyrsta maí göngu eða tilgangur dagsins útskýrður



> „Upplýsingar hinna alvitru, fullorðna fólksins, liggja ekki alltaf á lausu, og þótt þær geri það, lifir barnshugurinn sjálfstæðu lífi ..."

nákvæmlega. Pabbinn var vörubílstjóri, og ekki mikið við bæ, og mamman hjúkrunarkona sem bar velferð annarra að vísu einlæglega fyrir brjósti, þótt hún tæki ekki til fótanna með spjöld niðri í bæ.

Þannig hafði ég frjálsar hendur til þess að tengja þjáninguna í fyrstu línu Internasjónalsins við sjúka og særða - þó nokkuð langt fram eftir barnsævinni. Ég segi ekki að ég hafi litið á Internasjonalinn sem Óskalag sjúklinga, en þó var þessi söngur í næsta rúmi við þá deild.

Í þúsund löndum (hvaða lönd gátu þau verið öll þessi þúsund?) sá ég fyrir mér þjáða menn mjakast fram veginn, illa haldna af verkjum, því það að vera þjáður var að hafa verki - sumir með höfuðbindi - sjúkir og særðir allra landa í göngunni með spjöldin. Miðbæjargangan íslenska hafði sloppið vel miðað við þau ósköp. Sumir voru að vísu illa klæddir í kuldanum, með þungar byrðar spjaldanna, en óhaltir gengu menn - eða voru þetta ekki annars bara menn?

Á þessum tíma í lífinu voru menn nefnilega menn og konur konur. Samheitið maður yfir okkur öll hafði þá ekki enn fest sig í sessi í sívirku sorteringarkerfi barnshugans sem átti það til að flokka hlutina eftir bókstaflegri orðanna hljóðan.

Þess vegna var fyrsti maí barnshugans dagur þjáðra karlmanna út um allan stóra heiminn sem í voru þúsund lönd. FRAM ÞJÁÐIR MENN Í ÞÚSUND LÖNDUM SEM ÞEKKIÐ SKORTSINS GLÍMUTÖK. Þetta hlaut að tengjast stríðshrjáðum körlum þó nokkuð mikið. Menn fóru í stríðið en ekki konur. Og konur þúsund landa stunduðu ekki glímu svo vitað væri, þannig að glíman útilokaði þær enn frekar frá myndinni kringum þjáða menn. Svo voru það SKORTSINS GLÍMUTÖK. Mennirnir voru ekki bara líkamlega þjáðir heldur líka í glímu við Fátæktina. Því svo mikið vissi barnið að Skortur tengdist Fátækt (og vel að merkja, MjólkurSKORTUR sem var eitthvað það ískyggilegasta sem komið gat fyrir hjá íslenskum fjölskyldum). Fátæktina hafði barnið séð, í saggafulla bragganum hjá frænku sinni, og í bílskúrunum þar sem heilu fjölskyldurnar bjuggu meðan ÍSLENSKA HÚSIÐ var í byggingu. Og Skorturinn, Fátæktin, var ógurlegt fyrirbæri, það fór ekki milli mála, hún var beinlínis áþreifanleg þegar inn í braggann var komið. Þó var ekki alveg hægt að reikna fyrirbærið Fátækt út - því hvergi voru fínni veitingar á borðum en hjá frænkunni í bragganum.

En þótt Fátækt væri Óútreikanleg breytti það ekki því að hún var Ógurleg. Enda höfðu hinir alvitru fullorðnu staðfest það. Pabbi barnsins hafði meira að segja sagt: Það sem ég hræðist mest eru sjúkdómar og FÁTÆKT. Og það sem sá stóri og sterki maður óttaðist mest hlaut að vera verst af öllu. Barnið gat líka vel ímyndað sér það að sá sem átti fimmtán systkini eins og hann gæti vel hafa kynnst Fátæktinni, þótt ekki hefði hann alist upp í reykvískum bragga heldur í gamla bænum á Seljalandi í Fljótshverfi - sem var mun huggulegri vistarvera en bragginn, ef marka mátti baðstofuna í Árbæjarsafni.

Og sorteringarvélin í barnshöfðinu kom því heim og saman að gangan niðri í miðbæ fyrsta maí væri af hinu góða af því að henni var á einhvern dularfullan hátt beint gegn fyrirbærinu Fátækt, sem var ásamt Sjúkdómunum efst á lista pabbans yfir óttalega hluti.


**Þekkingarfyrirtæki í véltækni og málmiðnaði**

HÉÐINN

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.is



Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar

# Verkalýðsforinginn og fótboltapabbinn á Húsavík



Á skrifstofu stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslu á Húsavík ræður Aðalsteinn Árni Baldursson ríkjum. Hann er formaður Framsýnar – stéttarfélags og hefur verið í 19 ár. En Aðalsteinn berst ekki bara fyrir réttindum launafólks í Þingeyjarsýslum því hann er frístundabóndi og fótboltapabbi sem hefur skilað tveimur sonum í slaginn í efstu deild í íslenskum fótbolta. Landið er að rísa á Húsavík, ekki bara í fótboltanum þar sem Völsungur spilar í 1. deildinni í sumar heldur er útlitið í atvinnumálum bjart með byggingu kísilvers á Bakka.

***Þingeyingar hafa lengi barist fyrir atvinnuuppbyggingu á Bakka. Hverju mun Kísilverið breyta fyrir ykkur?***

„Rétt er að taka fram að þýska fyrirtækið PCC hefur enn ekki tekið ákvörðun um að byggja kísilver á Bakka við Húsavík en mun væntanlega taka endanlega ákvörðun í sumar. Verði af uppbyggingunni mun hún hafa gríðarlega jákvæð áhrif fyrir Þingeyinga, Eyfirðinga og reyndar verða til störf á höfuðborgarsvæðinu líka. Við hér norðan heiða höfum búið við fólksfækkun, atvinnuleysi, almenna óvissu og lágt fasteignamat á okkar eignum. Það er alveg ljóst að með tilkomu uppbyggingar á Bakka verður þessari óvissu eytt og hér verða sköpuð mjög góð búsetuskilyrði fyrir fjölskyldufólk og alla þá sem vilja búa á svæðinu."

## NORÐAUSTURLAND ÖFLUGT MÓTVÆGI VIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

***Kísilverið verður undanþegið tryggingagjaldi í 10 ár sem mun hafa ákveðna réttindaóvissu í för með sér fyrir starfsmenn fyrirtækisins. Til dæmis fyrir þá sem missa vinnuna og þurfa atvinnuleysisbætur, þá sem ætla í fæðingarorlof eða þurfa á þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs að halda. Hvað segir verkalýðsforinginn um svona bótaskerðingu?***

„Spurningin byggir á misskilningi. Í fyrsta lagi er undanþága frá greiðslu tryggingagjalds bundin við almenna hluta tryggingagjaldsins, þ.e. þann hluta sem rennur óskiptur til ríkisjóðs. Fyrirtækið mun greiða fullt atvinnutryggingargjald og því sitja allir að sjálfsögðu við sama borð varðandi rétt til atvinnuleysisbóta. Í öðru lagi er það svo þannig að ríkið sjálft eða ríkissjóður veitir afslátt af tilteknum tekjum, en öllum sem vinna hjá þessu fyrirtæki sem öðrum er tryggður réttur til fæðingarorlofs og starfsendurhæfingar. Sá afsláttur sem ríkið veitir hefur engin áhrif á rétt starfsmanna að þessu leyti. Þetta kom skýrt fram í umfjöllun um málið á Alþingi og var m.a. staðfest af Velferðarráðuneytinu."

***Verður Kísilverið fjórða meginstoðin í atvinnulífi Húsavíkur ásamt sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu?***

„Já, meginstoðirnar í dag eru sjávarútvegur og landbúnaður. Ferðaþjónustan hefur verið að eflast verulega á undanförunum árum. Því miður eru laun í þeim geira ekki til að hrópa húrra fyrir og þá hefur ferðaþjónustan verið árstíðabundin. En með uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Bakka, fáum við öfluga atvinnugrein sem veitir gott starfsöryggi og væntanlega góð laun sem verður kærkomið fyrir þetta svæði svo ekki sé talað um allar gjaldeyristekjurnar."

***Nú eiga framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng að hefjast á árinu. Mun tilkoma ganganna breyta miklu fyrir***



**Frá vinstri:** Baldur Ingimar, Aðalsteinn og Elfar Árni.

***Húsavík sem atvinnusvæði?***
„Það er alveg ljóst að með Vaðlaheiðargöngum og uppbyggingu á Bakka verður svæðið frá Akureyri til Þórshafnar orðið öflugt mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Það er mjög hátt þjónustustig á Akureyri, sem styrkir nágrannasveitarfélögin og öfugt. Akureyri þrífst ekki ef sveitarfélögunum á Norðurlandi heldur áfram að hraka. Svo einfalt er það."

## DÚX Í HRÚTAÞUKLI

***Þú fékkst svín í fimmtugsafmælisgjöf og hefur haldið nokkrar rollur. Ertu góður bóndi?***
„Þessi spurning er alltof erfið. Ég hef alltaf haft mikla ánægju af dýrahaldi enda átt nokkrar tegundir. Í dag held ég nokkrar kindur og hænur með góðum félögum. Reyndar er ég búfræðingur frá Hvanneyri sem var ánægjulegur tími. Í það minnsta er það þannig að mínir bestu félagar fá mikið út úr því að gefa mér allskonar dýr í afmælisgjafir, þ.e. þegar ég á stórafmæli. Ég hef fengið svín, kindur og hænur svo eitthvað sé nefnt. Eigum við ekki bara að segja að ég sé þokkalegur frístundabóndi en ég ásamt góðum skólafélaga dúxuðum á Hvanneyri í hrútadómum. Ég skal viðurkenna að ég er stoltur af því."

***Tveir synir þínir, Baldur Ingimar og Elfar Árni, hafa gert góða hluti í efstu deild í íslenska fótboltanum. Baldur með ÍA og Val en Elfar er að festa sig í sessi hjá Breiðablik. Á pabbinn þátt í velgengni strákanna?***
„Að sjálfsögðu er það þeirra hugarfar og geta á vellinum sem komið hefur þeim áfram í boltanum. Baldur á mjög glæsilegan feril að baki. Hann hefur spilað á Íslandi og Þýskalandi auk þess að spila með íslenska landsliðinu í knattspyrnu. Elfar Árni er drengur góður sem gerði samning við Breiðablik í fyrra eftir að hafa gert mjög góða hluti með Völsungi. Elfar hefur verið að spila vel með Breiðabliki og vonandi heldur hann því áfram en Blikar eru með mjög ungt og gott lið um þessar mundir, þannig að samkeppni um stöður í liðinu er mikil. Ég og móðir þeirra höfum allt frá upphafi stutt vel við bakið á þeim og fylgt þeim eftir. Vonandi hefur það hjálpað þeim að ná árangri á knattspyrnuvellinum."

## ÁSKRIFANDI AÐ RAUÐUM SPJÖLDUM

***Spilaðir þú sjálfur?***
„Já ég spilaði sjálfur með Völsungi auk þess að þjálfa tvö lið í neðri deildum í meistaraflokki karla í knattspyrnu. Ég gat aldrei neitt, var rosalega grófur og oftar en ekki var ég rekinn útaf fyrir kjafthátt eða grófar tæklingar. Ég var áskrifandi að rauðum spjöldum á þessum árum. Þá þjálfaði ég einnig um árabil nokkra yngri flokka hjá Völsungi, bæði drengi og stúlkur. Það var gefandi tími."

***Þú ert grjótharður stuðningsmaður Völsungs og Leeds Utd. Er lífið nógu langt til að halda með þessum klúbbum?***
„Það er rétt, ég er grjótharður stuðningsmaður Völsungs og Leeds. Það er taumlaus gleði og hamingja að fara á leiki með þessum liðum. Maður er t.d. farinn að þekkja sig vel til í Leeds líkt og maður gerir á Húsavík. Ég held að lífið sé ekki nógu langt til að halda með þessum klúbbum þar sem þetta eru að sjálfsögðu alvöru stórveldi sem eiga framtíðina fyrir sér þrátt fyrir að Leeds hiksti aðeins um þessar mundir."



Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður VR

# Fyrsta konan á formannsstóli í 122 ára sögu VR




Þegar niðurstaðan í formannskjöri VR var kunngerð föstudaginn 15. mars ráku flestir upp stór augu. Ekki einungis hafði sitjandi formanni verið velt úr sessi með miklum mun, heldur var þar að verki kona sem kom inn í formannsslaginn eins og stormsveipur, sá og sigraði. Ólafía Björk Rafnsdóttir er fyrsta konan sem er formaður VR í 122 ára sögu félagsins. Tími til kominn segja sjálfsagt margir.

***Hvað skóp þennan stóra sigur að þínu mati (Ólafía Björk 76% - Stefán Einar 24%)?***

„Málefnaleg kosningabarátta og áhugi félagsmanna á VR. Ég fór í fjöldamargar heimsóknir á vinnustaði þar sem þetta kom skýrt fram og margar hugmyndir voru viðraðar. Reynsla mín af vinnumarkaði í hinum ýmsu stjórnunarstörfum þar sem ég hef unnið og stýrt stórum verkefnum. Auk þess að hafa verið félagsmaður VR í 29 ár en sú tenging er afar mikilvæg fyrir formann VR."

***Hvernig formaður viltu vera?***

„Ég stefni að því að verða formaður allra félagsmanna VR. Ég vil leggja mitt af mörkum til þess að VR verði sterkt félag sem við getum verið stolt af. Ég vil betra VR þar sem hlustað er á grasrótina og hún virkjuð. Það á að vera hlutverk formanns VR að laða það besta fram í öllu fólki og að virðing sé borin fyrir mismunandi skoðunum. Til þess að ná til sem flestra félagsmanna þá þarf að greina þá upp í hópa, því að það eru mismunandi áherslur hjá hverjum hópi fyrir sig innan VR sem brýnt er að hlusta á."

## ÞJÓÐARSÁTT UM STÖÐUGLEIKA Á VINNUMARKAÐI OG AUKINN KAUPMÁTT

***Hvert viltu fara með VR, stærsta stéttarfélag landsins?***

„Ég tel afar brýnt að VR leggi megináherslu sína á kjaramálin eins og staðan er í dag. Það eru blikur á lofti í íslensku samfélagi og ef fram heldur sem horfir mun barátta fyrir betri launum og meiri kaupmætti verða fyrirferðamikil á næstu misserum. Verkalýðshreyfingin á að taka forystu um nýja þjóðarsátt um stöðugleika á vinnumarkaði og fá til liðs við sig atvinnuveitendur og stjórnvöld. Réttlátt samfélag verður ekki nema launafólk geti lifað af mannsæmandi launum."

***Núverandi kjarasamningar renna út 30. nóvember. Hvernig telur þú vænlegast að auka kaupmátt þinna félagsmanna á næstu árum?***

„Þegar samið er um ákveðna þætti í kjarasamningum þurfa allir sem að þeim koma að standa við sitt. Stjórnvöld náðu ekki að standast þær viðmiðanir sem þau ætluðu að stefna að. Til dæmis var verðbólga ekki 2,5% eins og stefnt hafði verið að og gengisþróun var óhagsstæð. Á hinn bóginn stóðust forsendur um kaupmátt launa yfir heildina en það var til mikils að vinna að halda friðinn á vinnumarkaðinum. Nú eru hins vegar mál að þróast þannig að almenningur er að fá sig fullsaddan. Síðasta kauphækkun (3,25%) sem launþegar fengu útborgaða er þegar fokin út í buskann í formi verðhækkana og verðbólgu sem nemur nú um 4% á ársgrundvelli. Það er ljóst að okkar versti óvinur er verðbólgan og bara á síðasta ári var 22% hækkun á matvöru. Þetta gengur auðvitað ekki svona til lengdar og það dugar ekki bara að stöðva þessa óheillaþróun heldur þurfa launþegar að fá til baka góðan hluta þess kaupmáttar sem var hér árið 2008. Um það þarf að gera þjóðarsátt."

***Hvert verður fyrsta verkefni þitt á formannsstóli?***

„Að kynnast starfsfólki VR og því verklagi sem nú er unnið eftir, auk þess að kynnast stjórn VR en þar eiga 15 manns sæti. Það tekur auðvitað tíma að setja sig inn í svona mikið starf, en ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að það verði skemmtilegt og krefjandi.

Í mínum huga þá þarf ekki alltaf að finna upp hjólið, nú þegar eru mörg verkefni á vegum VR sem þarf að taka lengra og gera betur. Eitt af verkefnunum er að efla og styrkja trúnaðarráð VR með skipulegri hætti en gert er. Þannig ættu fulltrúar úr trúnaðarráði að sitja í sem flestum nefndum og ráðum á vegum félagsins en þar er jú grasrót félagsins", segir Ólafía Björk nýr formaður VR að lokum.

# ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum dyggan stuðning

AFL Starfsgreinafélag – Til góðra verka
Akureyri – Öll lífsins gæði
Alcoa Fjarðaál
ALDAN stéttarfélag
Arion banki
BÁRAN stéttarfélag – Stofnað 25. júní 2002
BÍLAHÓTEL – Þjónusta við Leifsstöð

BÍLJÖFUR
BJÖRGUN
BYGGIÐN – Félag byggingamanna
BYKO – Búðu betur. Borgaðu minna.
EINING-IÐJA
Elkem Ísland
Faxaflóahafnir sf – Associated Icelandic Ports

Félag atvinnurekenda
Félag bókagerðarmanna
Félag hársnyrtisveina
FIT – Félag iðn- og tæknigreina – www.fit.is
FVSA
Fjallabyggð
Gamla Smiðjan

Flúða sveppir
SAFFRAN
GILDI
Góa – Stofnað 1968
Grindavíkurbær
Happdrætti Háskóla Íslands
HB GRANDI

Heimsferðir
das Hrafnista
Hreyfill Bæjarleiðir – 5 88 55 22
IÐAN fræðslusetur
IGS Ground Services
Pósturinn
ÍSTAK

KR
KS
KJARAN
KJARNAFÆÐI

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Landssamtök lífeyrissjóða

Landsvirkjun
LA Launafl
Límtré Vírnet
LÖNDUN EHF.
marel
MATVÍS
Mjólkursamsalan

Mosfellsbakarí
Neytendastofa
Norðurál
Norðurorka
Nýsköpunarsjóður
olís
Rafiðnaðarskólinn

SAH Afurðir ehf.
Lífeyrir – Sameinaði lífeyrissjóðurinn
Samfylkingin
SAMHENTIR – Umbúðalausnir
Samiðn
samskip
SSF

SFR – Stéttarfélag í almannaþjónustu
SVN

Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Staki
Starfsgreinasamband Íslands

STEINULL HF
Stéttarfélag Vesturlands
Stéttarfélagið Samstaða
Hornafjörður
Tapas
Útfararstofa Kirkjugarðanna
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

Verkalýðsfélag Snæfellinga
Vlf Suðurlands
VERK VEST
Verkalýðsfélagið Hlíf – Stofnað 1907
VSSÍ – Verkstjórasamband Íslands
Verslunarmannafélag Suðurlands

VÉLVÍK – www.velvik.is
VÍSIR
VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna
VÖRÐUR – Félag stjórnenda á Suðurlandi
ÞORBJÖRN – Hafnargötu 12 · 240 Grindavík
ÖBÍ
Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur

# ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum stuðning

**Reykjavík**
**Auglýsingastofan ENNEMM**
Brautarholti 10
**Blaðamannafélag Íslands**
Síðumúla 23
**Blikksmiðjan Glófaxi hf.**
Ármúla 42
**Brú félag stjórnenda**
Skipholti 50d
**Danica sjávarafurðir ehf.**
Suðurgötu 10
**Eignamiðlunin ehf.**
Síðumúla 21
**Ernst & Young hf.**
Borgartúni 30
**Flugfreyjufélag Íslands**
Borgartúni 22
**Flügger**
Stórhöfða 44
**Gjögur hf.**
Kringlunni 7
**Grund dvalar- og hjúkrunarheimili**
Hringbraut 50
**Halldór Jónsson ehf.**
Skútuvogi 11
**Hugsmiðjan ehf.**
Snorrabraut 56
**Innnes ehf.**
Fossaleyni 21
**Ísfrost ehf.**
Funahöfða 7
**Íþróttafélagið Fylkir**
Fylkisvegi 6
**Jói útherji**
Ármúla 36
**KPMG ehf.**
Borgartúni 27
**Lagnalagerinn ehf.**
Fosshálsi 27
**Landsnet hf.**
Gylfaflöt 9
**Landssamband lögreglumanna**
Grettisgötu 89
**Lýsing hf.**
Ármúla 3
**Markaðsráð kindakjöts**
Bændahöllinni Hagatorgi 1
**Mjólkurfræðingafélag Íslands**
Stórhöfða 31
**Nói-Síríus hf.**
Hesthálsi 2-4
**Nýi ökuskólinn ehf.**
Klettagörðum 11
**Póstmannafélag Íslands**
Grettisgötu 89
**Rarik ohf.**
Bíldshöfða 9
**Reykjavíkur Apótek**
Seljavegi 2
**Reykjavíkurborg**
Ráðhúsinu
**Sjómannafélag Íslands**
Skipholti 50d
**Slökkvilið höfuðborgarsv. bs.**
Skógarhlíð 14
**Snæland Grímsson hópferðabílar**
Langholtsvegi 115
**Suzuki bílar hf.**
Skeifunni 17
**Vinnumálastofnun**
Kringlunni 1

**Kópavogur**
**Frostmark ehf.**
Dalvegi 4
**Íslandsspil sf.**
Smiðjuvegi 11a
**Ísnes ehf. heildverslun**
Hamraborg 5
**Kópavogsbær**
Fannborg 2
**Suðurverk hf.**
Hlíðasmára 11
**Vaki fiskeldiskerfi hf.**
Akralind 4

**Garðabær**
**AÞ-Þrif ehf.**
Skeiðarás 12
**Garðabær**
Garðatorgi 7
**Ísafoldarprentsmiðja ehf.**
Suðurhrauni 1
**Loftorka ehf.**
Miðhrauni 10
**Wurth á Íslandi ehf.**
Vesturhrauni 5

**Hafnarfjörður**
**Byggingafélagið Sandfell ehf.**
Reykjavíkurvegi 66
**Fiskvinnslan Kambur ehf.**
Cuxhavengötu 1
**Hafnarfjarðarbær**
Ráðhús Hafnarfjarðar
**Hafnarfjarðarhöfn**
Óseyrarbraut 4
**Hlaðbær-Colas hf.**
**malbikunarstöð**
Gullhellu 1
**Hvalur hf.**
Reykjavíkurvegi 48
**Pappír hf.**
Kaplahrauni 13
**Spennubreytar**
Trönuhrauni 5
**Spírall prentþjónusta ehf.**
Stakkahrauni 1
**Trésmiðjan okkar ehf.**
Lyngbergi 19a
**Útvík hf.**
Eyrartröð 7-9
**Vélsmiðja Guðmundar ehf.**
Íshellu 10

**Reykjanesbær**
**Grímsnes ehf.**
Steinási 18
**Reykjanesbær**
Tjarnargötu 12
**Skólar ehf.**
Klettatröð 8
**Verslunarmannafélag Suðurnesja**
Vatnsnesvegi 14

**Grindavík**
**Einhamar Seafood ehf.**
Verbraut 3a
**H.H. Smíði ehf.**
Árnastíg 2
**Marver ehf.**
Stafholti
**Sílfell ehf.**
Skipastíg 13
**Verkalýðsfélag Grindavíkur**
Víkurbraut 46

**Sandgerði**
**Fiskmarkaður Suðurnesja hf.**
Hafnargötu 8
**Flugfiskur hf.**
Holtsgötu 37
**K & G ehf.**
Hafnargötu 9
**Sjávarmál ehf.**
Ásabraut 10
**Skinnfiskur ehf.**
Strandgötu
**Verk- og tölvuþjónustan ehf.**
Holtsgötu 24
**Verkalýðs og sjómannafélag Sandgerðis**
Tjarnargötu 8

**Garður**
**Nesfiskur ehf.**
Gerðavegi 32

**Mosfellsbær**
**Álafossbúðin**
Álafossvegi 23
**Nonni litli ehf.**
Þverholti 8

**Akranes**
**Apótek Vesturlands ehf.**
Smiðjuvöllum 32
**Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar**
Dalbraut 6

**Borgarnes**
**Borgarverk hf. vinnuvélar**
Sólbakka 17-19
**Loftorka í Borgarnesi ehf.**
Engjaási 2

**Hellissandur**
**Breiðavík ehf.**
Háarifi 53

**Reykhólahreppur**
**Þörungaverksmiðjan hf.**
Reykhólum

**Patreksfjörður**
**Oddi hf. fiskvinnsla-útgerð**
Eyrargötu 1

**Tálknafjörður**
**Þórberg hf.**
Strandgötu 25

**Bíldudalur**
**GSG vörubílaakstur**
**og trésmíði ehf.**
Kríubakka 4

**Suðureyri**
**Fiskvinnslan Íslandssaga hf.**
Freyjugötu 2

**Bolungarvík**
**Bolungarvíkurkaupstaður**
Aðalstræti 12
**Endurskoðun Vestfjarða ehf.**
Aðalstræti 19
**Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur**
Hafnargötu 37

**Ísafjörður**
**Ísafjarðarbær**
Hafnarstræti 1
**Lífeyrissjóður Vestfirðinga**
Hafnarstræti 9-13
**Orkubú Vestfjarða hf.**
Stakkanesi 1

**Súðavík**
**Súðavíkurhreppur**
Grundarstræti 3

**Blönduós**
**Iðnsveinafélag Húnvetninga**
Þverbraut 1

**Sauðárkrókur**
**Iðnsveinafélag Skagafjarðar**
Sæmundargötu 7
**Sjávarleður hf.**
Borgarmýri 5

**Varmahlíð**
**Akrahreppur Skagafirði**

**Grímsey**
**Sigurbjörn ehf. fiskverkun**

**Ólafsfjörður**
**Sjómannafélag Ólafsfjarðar**
Brekkugötu 9

**Dalvík**
**Promens Dalvík ehf.**
Gunnarsbraut 12

**Akureyri**
**Berg félag stjórnenda**
Furuvöllum 13
**Félag málmiðnaðarmanna Akureyri**
Skipagötu 14
**Höldur - Bílaleiga Akureyrar**
Tryggvabraut 12
**Orlofsbyggðin Illugastöðum**
Fnjóskadal
**Ossi ehf.**
Frostagötu 4c
**Sjómannafélag Eyjafjarðar**
Skipagötu 14

**Grenivík**
**Frosti ehf.**
Melgötu 2

**Húsavík**
**Sorpsamlag Þingeyinga ehf.**
Víðimóum 3

**Mývatn**
**Skútustaðahreppur**
Hlíðavegi 6

**Þórshöfn**
**Geir ehf.**
Sunnuvegi 3
**Verkalýðsfélag Þórshafnar**
Langanesvegi 18

**Bakkafjörður**
**Hraungerði ehf.**
Hraunstíg 1

**Vopnafjörður**
**Sláturfélag Vopnfirðinga hf.**
Hafnarbyggð 8
**Vopnafjarðarhreppur**
Hamrahlíð 15

**Egilsstaðir**
**Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.**
Einhleypingi 1
**Þ.S. verktakar ehf.**
Miðási 8-10

**Seyðisfjörður**
**Brimberg ehf.**
Hafnargötu 47
**Seyðisfjarðarkaupstaður**
Hafnargötu 44

**Reyðarfjörður**
**Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi**
Stekkjarbrekku 8
**Stjórnendafélag Austurlands**
Austurvegi 20

**Eskifjörður**
**Egersund Ísland ehf.**
Hafnargötu 2

**Neskaupstaður**
**Fjarðanet hf.**
Strandgötu 1

**Fáskrúðsfjörður**
**Loðnuvinnslan hf.**
Skólavegi 59

**Höfn í Hornafirði**
**Skinney - Þinganes hf.**
Krossey

**Hella**
**Pakkhúsið Hellu ehf.**
Suðurlandsvegi 4

**Selfoss**
**Félag opinberra starfsmanna Suðurlandi**
Austurvegi 38
**Orkugerðin ehf.**
Heiðargerði 5
**Veitingastaðurinn Menam**
Eyravegi 8

**Hveragerði**
**Garðyrkjustöð Ingibjargar**
Heiðmörk 38

**Ölfus**
**Eldhestar ehf.**
Völlum

**Þorlákshöfn**
**Frostfiskur ehf.**
Hafnarskeiði 6
**Sveitarfélagið Ölfus**
Hafnarbergi 1

**Stokkseyri**
**Hásteinn ehf.**
Stjörnusteinum 12

**Vestmannaeyjar**
**Frár ehf.**
Hásteinsvegi 49
**Ísfélag Vestmannaeyja hf.**
Strandvegi 28
**Narfi ehf.**
Eiði 12
**Sjómannafélagið Jötunn**
Skólavegi 21b
**Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf.**
Kirkjuvegi 23
**Vöruval ehf.**
Vesturvegi 18

wise
- snjallar lausnir

# viðskiptalausnir

## hvert er þitt hlutverk?



Fjármálastjórinn:

***„Hlutverk mitt er hafa yfirsýn yfir reksturinn og geta greint frá stöðunni á skilmerkilegan hátt.“***

Wise sérhæfir sig í Microsoft Dynamics NAV viðskiptalausnum sem einfalda þér þitt hlutverk.







wise | Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 102, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is

Microsoft Dynamics™ NAV

Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)


TRAUST SAMBAND MARGRA FÉLAGA
Rafiðnaðarsamband Íslands er starfsgreinasamband 8 aðildarfélaga um allt land með 5.500 félagsmenn.
RSÍ gætir hagsmuna félagsmanna og fjölskyldna þeirra gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.
Sjúkrasjóður RSÍ styður dyggilega við félagsmenn og fjölskyldur þeirra.
RSÍ á og rekur 42 orlofshús og íbúðir á 13 stöðum á landinu, stórt tjald- og útivistarsvæði og íbúðir í Kaupmannahöfn og á Spáni.
RSÍ býður upp á eftirmenntun í Rafiðnaðarskólanum.
RSÍ á einn öflugasta verkfallssjóð landsins.
Stöndum vörð um okkar rétt!
RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS | STÓRHÖFÐA 31 | SÍMI 580-5200 | RAFIS.IS